

Nd.

394. Nefndarálit

[141. mál]

um frv. til laga um Iðnlánasjóð.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu frumvarpsins. Meiri hl. nefndarinnar leggur til, að það verði samþykkt óbreytt, en bæði Eðvarð Sigurðsson og Þórarinn Þórarinsson munu flytja breytingartillögur við frv.

Frv. felur aðallega í sér þá breytingu frá gildandi lögum um Iðnlánasjóð, að honum er ætlað að verða stofnlánasjóður fyrir iðnaðinn í landinu. Lán megi veita úr sjóðnum til véla- og tækjakaupa og til byggingar verksmiðju- og iðnaðarhúsa. Með ákvæðum 5. gr. frv. verða sjóðnum tryggðar verulegar árlegar tekjur auk ríkisframlagsins. Þá er og gert ráð fyrir all-viðtækri lántökuheimild fyrir sjóðinn.

Undirritaðir nefndarmenn mæla með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 12. marz 1963.

Jónas G. Rafnar,
form., frsm.

Sigurður Ingimundarson,
fundaskr.

Matthias Á. Mathiesen.